

ur í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Skarphéðins Þórissonar héraðsdómslögmanns.

Þriðjudaginn 20. janúar 1981.

Nr. 6/1981. **Ákærvaldið**  
 gegn  
**Ólafi Stefáni Halldórssyni.**

Kærumál. Gæsluvarðhald.

### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 17. janúar 1981, sem barst Hæstarétti 19. s. m. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi. Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

### D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

### Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 17. janúar 1981.

Ár 1981, laugardaginn 17. janúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í fangelsinu Síðumúla 28, af Ágúst Jónssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi:

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur gert þá kröfu, að Ólafur Stefán Halldórsson, atvinnulaus og heimilislaus, fæddur 10. september 1958, verði úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 28. janúar nk. vegna gruns um brot gegn 244. gr. og 257. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940. Er í greinargerð með kröfu RLR vísað til 3. og 6. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974.

Málavextir.

Um kl. 0040 sl. nótt var kærði, Ólafur Stefán Halldórsson, handtekinn innandyra í versluninni Goðaborg í Reykjavík. Hafði hann brotið rúðu í útihurð og farið þar inn, en við það skarst hann á fæti. Í fórum kærða voru m. a. nokkrir hnífar og hassmoli.

Kærði hefur skýrt svo frá, að hann hafi ætlað að stela vélbyssu til þess að skjóta tiltekna eiturfjaskala, en enga byssu fundið og þá tekið hnífana. Kærði var undir áhrifum áfengis og/eða lyfja, þegar hann var handtekinn.

Kærði á hvergi höfði sínu að að halla. Hann á hvergi fastan samastað, en sefur nótt og nótt í gistiskýlinu að Þingholtsstræti 25. Hann hefur enga atvinnu stundað a. m. k. um nokkurt skeið og er í mikilli óreglu, og má telja, að hann hafi ekki möguleika til þess að hafa löglega ofan af fyrir sér.

Hinn 7. þ. m. var kærði úrskurðaður í gæsluvarðhald vegna gruns um innbrot, og var hann látinn laus sl. mánudag þann 12. janúar.

Með hliðsjón af framansögðu og með vísan til 3. og 5. töluliðs 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála þykir rétt að verða við kröfu um gæsluvarðhald og ákveða, að kærði skuli sæta því allt til miðvikudagsins 28. janúar nk., kl. 1700.

Brot það, sem kærði er nú grunaður um, getur varðað hann fangelsisrefsingu samkvæmt 244. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940, ef sök sannast, og eru ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldi því ekki til fyrirstöðu.

Úrskurðarorð:

Kærði, Ólafur Stefán Halldórsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 28. janúar nk., kl. 1700.

---